

Nýtingarleyfi

á jarðhita í landi Hveravíkur
í Kaldrananeshreppi

Orkustofnun veitir hér með Hveraorku ehf., kt. 520808-0350, hér eftir nefnt leyfishafi, nýtingarleyfi í samræmi við 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar umhverfisráðuneytis, Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps.

1. gr.

Almennt.

Leyfið tekur til nýtingar á jarðhita. Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að nýta jarðhita á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í leyfi þessu og lögum nr. 57/1998.

2. gr.

Staðarmörk svæðis.

Leyfið tekur til nýtingar jarðhita í landi jarðarinnar Hveravík í Kaldrananeshreppi og eru hnit jarðhitaholu eftirfarandi (ÍSN93):

Norður: 382391

Austur: 580460

Sjá einnig meðfylgjandi yfirlitsmynd af svæðinu.

3. gr.

Gildistími.

Leyfið gildir frá 8. júní 2009 til 8. júní 2049. Að þeim tíma liðnum er heimilt að framlengja leyfið nema að forsendur leyfisveitingar hafi breyst og sýnt sé fram á að óbreytt nýting jarðhitans hafi skaðleg áhrif á auðlindina.

4. gr.

Nýtingarhraði.

Með leyfi þessu er leyfishafa heimilt að vinna allt að 150 TJ af hrávarma á ári, þar af 75 TJ vegna hitaveitu.

Að 5 árum liðnum frá því að vinnsla hefst skal leyfishafi gera nákvæma grein fyrir áhrifum nýtingar á jarðhitaauðlindina sem nýtt er samkvæmt leyfi þessu. Greinargerð þessari skal skilað til Orkustofnunar sem leggur mat á niðurstöðurnar. Greinargerð þessi kemur ekki í stað venjubundins eftirlits með nýtingunni, sbr. 8. gr. hér að neðan.

Ef vatnsborð í jarðhitaauðlindinni lækkar mikið vegna upptöku hrávarma á þessum tíma og kunnir fyrirsjáanlega að hafa áhrif á beina nýtingu til húshitunar þá er heimilt að endurskoða hrávarmaupptöku til annarra nota, sbr. 1. mgr. ákvæðisins.

5. gr.

Tillit til nýtingar.

Leyfishafi skal við framkvæmdir og nýtingu á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni nýtingarsvæðisins.

6. gr.

Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og starfsleyfi.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

Leyfishafi skal afla sér starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd vegna jarðborana, sbr. reglugerð nr. 785/1999.

7. gr.

Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis.

Um vernd nýtingarsvæðis gilda m.a. lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 svo og önnur lög, sbr. 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi um nýtingarsvæðið og skal leitast við að tryggja að hitaveitulagnir og önnur mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun jarðhita á svæðinu.

8. gr.

Eftirlit.

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa.

Orkustofnun skal hafa samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar. Umfang og framkvæmd eftirlitsins skal miðast við verklagsreglur sem fylgja leyfi þessu í fylgiskjali I.

9. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda.

Leyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og aðrar upplýsingar sem gefa til kynna stöðu jarðhitageymisins.

10. gr.

Eignarhald auðlindar/endurgjald.

Í umsókn kemur fram að leyfishafar eru einnig eigendur jarðarinnar Hveravíkur.

11. gr.

Skaðabótaskylda og vátryggingar.

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Áður en leyfið er veitt skal leyfishafi sína fram á að hann hafi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

12. gr.

Framsal.

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar leyfi fjárskuldbindingum nema með iðnaðarráðherra, sbr. 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

13. gr.
Afturköllun.

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. laga nr. 57/1998 eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við brot leyfihafa á lögum, reglugerðum, ákvæðum leyfis þessa eða ef vikið er frá samkomulagi skv. 9. gr., skal stofnunin þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

14. gr.
Önnur leyfi.

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.


Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Auk þess nýtingarleyfishafa bent á að fyrirhuguð framleiðsla rafmagns með nýtingu jarðhita er háð virkjunarleyfi samkvæmt II. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

16. gr.
Leyfisgjald.

Leyfishafi skal greiða kr. 27.500 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Orkustofnun, 8. júní 2009.



Guðni A. Jóhannesson
Orkumálastjóri

Einnig fylgir leyfinu eftirfarandi og telst hluti þess:

1. Viðauki I, Yfirlit yfir gagnakröfur vegna eftirlits Orkustofnunar.
2. Fylgiskjal 1, Loftmynd af svæði því sem leyfið nær til.
3. Umsókn leyfihafa ásamt meðfylgjandi greinargerð, dags. 10. desember 2008, sem og viðbótarupplýsingar dags. 21. janúar 2009.
4. Umsögn umhverfisráðuneytis, dags. 11. febrúar 2009.